

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 23. nóvember 2020
UST202005-020/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag atvinnusvæðis vestan Óseyrarbrautar í Þorlákshöfn - Sveitarfélagið Ölfus - Viðbótarumsögn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ölfuss er barst 29. október sl. þar sem óskað er endurskoðun umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir atvinnusvæði vestan Óseyrarbrautar í Þorlákshöfn, en stofnunin veitti umsögn varðandi ofangreind verkefni 8. júní sl.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin mun ekki endurskoða þá umsögn sem var veitt 8. júní sl. heldur mun stofnunin veita viðbótarumsögn varðandi verkefnið út frá þeim breyttu gögnum sem bárust með erindinu.

Í greinargerð og í erindi sveitarfélagsins kemur fram að deiliskipulagið fjallar um athafnasvæði í Þorlákshöfn, sem liggur vestan megin við Óseyrarbraut og er skipulagssvæðið að hluta byggt upp nú þegar og er starfsemin á svæðinu af ýmsum toga eins og verkstæði, vinnsla fiskafurða o.fl. Svæðið er skilgreint sem skv. gildandi aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 sem athafnasvæði, iðnaðarsvæði og verslunarsvæði.

Þéttbýlismörk

Í erindinu kemur fram að þéttbýlismörk eru ákveðin í aðalskipulagi og gef þau til kynna hvar áætlað er að raska svæðum fyrir uppbyggingu.

Umhverfisstofnun bendir á að þó að búið sé að skilgreina þéttbýli í aðalskipulagi er mikilvægt að mati stofnunarinnar að taka tillit til hrauna sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga við gerð skipulagsins.

Umhverfisstofnun bendir á að í 6.3. gr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er skylt að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni.

Setja skal almenn skipulagsákvæði eða skilmála til að framfylgja stefnu um takmarkanir á landnotkun í hverjum flokki og sértæk ákvæði eða skilmála eftir þörfum fyrir hvert svæði sem takmarkanir gilda um vegna verndarákvæða. Ákvæði og skilmálar skulu fela í sér nauðsynlegar takmarkanir til að bregðast við þeim sérstöku aðstæðum sem á svæðinu ríkja, svo sem um mannvirkjagerð, umgengni og landnotkun.

Þessi svæði eru svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Auk þess eru það svæði, svo sem jarðmyndanir og vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Aðalskipulag – umhverfismat

Í erindinu kemur fram að það hefur því verið stefnumörkun sveitarfélagsins til margra ára að raska þessum hluta hraunsins og aðrir valkostir voru ekki skoðaðir þar sem ekki komu aðrir kostir til greina.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að í umhverfismati aðalskipulags skulu eftirfarandi meginatriði koma fram: lýsing og samanburður á kostum sem til greina koma um þróun byggðar, staðsetningu og útfærslu hennar og einstakra framkvæmda, m.t.t. áhrifa á umhverfið, svo sem með tilliti til sérkenna einstakra svæða og/eða verndargildis.

Einnig kemur fram að í umhverfismati aðalskipulags þarf að koma fram hvernig tryggt er að tillagan í heild, einstök markmið hennar og framfylgd valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Við mótun tillögu skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða og þess gætt að einstök markmið hennar samræmist meginmarkmiðum skipulagstillögunnar og markmiðum reglugerðar þessarar.

Auk þess kemur fram í skipulagsreglugerð að koma þarf fram í umhverfismati aðalskipulags hvort setja þurfi í aðalskipulagi skilyrði fyrir deiliskipulagsgerð og framkvæmdum á síðari stigum, til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið.

Ef óvissa er um áhrif á umhverfið, eða mat á áhrifum kallar á frekari rannsóknir og nánari athugun á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags og/eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skal gerð grein fyrir því í aðalskipulagstillögunni.

Valkostagreining

Í erindinu kemur fram að skipulagssvæðið er innan þéttbýlis Þorlákshafnar og hluti af samfellu byggðar innan þéttbýlis. Það hefur því verið stefnumörkun sveitarfélagsins til margra ára að raska þessum hluta hraunsins. Aðrir valkostir voru ekki skoðaðir þar sem ekki komu aðrir kostir til greina.

Hins vegar kemur einnig fram að í erindinu að sveitarfélagið telur það betri kost að halda áfram uppbyggingu á þessu svæði með því að nýta þegar byggða innviði á eldra athafnasvæðinu heldur en að raska öðru óbyggðu svæði sem væri þá í jaðri þéttbýlis eða jafnvel í dreifbýlinu.

Umfang hrauns

Í erindinu kemur fram að áhrif á jarðminjar eru talin óveruleg með tilliti til umfangs forsögulegs hrauns í landi sveitarfélagsins, en óafturkræf.

Umhverfisstofnun bendir á að þó að umfang verndarsvæða sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga sé mikil í sveitarfélaginu þarf að taka tillit til þeirra við skipulagsgerð.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skv. 3. gr. náttúruverndarlaga eru sett verndarmarkmið fyrir jarðminjar vatnasvæði, landslag og víðerni. Markmiði greinarinnar verður m.a. náð með náttúruminjaskrá og sérstakri vernd. Í 3. gr. eru sett fram tvö markmið. Annars vegar í a. lið sem að felur í sér að varðveita skipulega heildarmynd af

jarðfræðilegum ferlum og gefa samfellt yfirlit um jarðsögu Íslands, sem felst t.a.m. í stórum megineldstöðvum, hraunflákum og löngum gígaröðum, gjám og sprungum sem sýna landrekið. Einnig er að finna minjar frá ísöld líkt og jökulrofir. Hins vegar í b. lið er markmiðið sem felur í sér að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu.

Byggðamynstur


Í greinargerð kemur fram að þar sem hluti svæðisins er þegar byggður hefur byggðamynstur svæðisins tekið á sig nokkuð formfasta mynd og nýjar lóðir eru aðlagðar að þegar byggða hlutanum til að gæta að samfelli í byggðarmynstri.

Umhverfisstofnun bendir á að þó að byggðamynstur hefur tekið á sig formfasta mynd er mikilvægt að mati stofnunarinnar að taka tillit til, við hönnun nýrra lóða, hrauna sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur